

ADALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2010-2022.
Greinargerð

28. 06. 2013

Breyting á aðalskipulagi

Skaftárhrepps

2010-2022



SKAFTÁRHREPPUR

28. 06. 2013



LANDMÓTUN

Yngvi Þór Loftsson
Margrét Ólafsdóttir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í hreppsnefnd þann _____ 2013

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _ _____ 2013.

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2013.

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 28.06.2013.

Efnisyfirlit

AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2010-2022.....	0
Greinargerð	0
1. Inngangur	4
2. Aðdragandi og markmið	4
3. Breyting á aðalskipulagi.....	4
4. Tengsl við aðrar áætlanir.....	7
5. Staðhættir og umhverfisaðstæður	7
6. Áhrif á umhverfi.....	10
6.1 Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum	10
6.2 Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum	10
6.3 Skilgreining, lýsing og mat	10
6.4 Umfjöllun um kosti	11
6.5 Niðurstaða	11
6.6 Samráð.....	12
7. Heimildaskrá.....	12

Töfluskrá

Tafla 1 Þjónustustofnanir á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022..	5
Tafla 2.Þjónustustofnanir á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.....	5
Tafla 3. Verslunar- og þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.	6
Tafla 4. Verslunar- þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.	6
Tafla 5. Opin svæði til sérstakra nota á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.	7
Tafla 6. Opin svæði til sérstakra nota á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.	7
Tafla 7 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat aðalskipulagsbreytingar.	Error! Bookmark not defined.

1. Inngangur

Aðalskipulag Skaftárhrepps var staðfest þann 21. nóvember 2011 hér er gerð breyting á þéttbýlisupprætti skv. 1.mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða breytingu á aðalskipulaginu er unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir þekkingarsetur sem verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta afmörkun þjónustustofnunnar (S9) þar sem er gert ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri og breytist afmörkun opins svæðis Ú2 til samræmis og svæði V4 er felld út. Afmörkun svæðanna er breytt í samræmi við þá starfsemi sem á að vera í húsinu, hönnun húss og uppfyllingar.

2. Aðdragandi og markmið

Á undanfönum árum hefur ferðaþjónusta verið vaxandi atvinnugrein í Skaftárhreppi. Árið 2008 var Vatnajökulsþjóðgarður stofnaður en hluti vestursvæðis þjóðgarðsins er innan Skaftárhrepps. Í framhaldi af endurskoðun aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022 var tekin ákvörðun um stækkun þjóðgarðsins innan sveitarfélagsins. Skaftárhreppur setti fram nokkur áhersluatriði sem samrýmdust yfirlýstum áformum Vatnajökulsþjóðagarðs m.a. að komið yrði á samstarfi milli þjóðgarðsins, Kirkjubæjarstofu og upplýsingamiðstöðvarinnar á Kirkjubæjarklaustri og annarra aðila sem málið varðaði. Að rekin yrði öflug rannsóknarstarfsemi á sviði náttúrvísinda, byggðamála og ferðamála á Kirkjubæjarklaustri og að opnuð yrði heilsárs gestastofa þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri 2014.

Markmið aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 -2022 í atvinnumálum var m.a. að leggja áherslu á;

- farsæla þróun atvinnugreina sem byggja á landkostum svæðisins
- að stuðla að nýjungum og aukinni fjölbreytni í atvinnulífi
- að unnið yrði markvisst að því að treysta grundvöll fyrir starfsemi sem byggir á sérþekkingu um náttúru og sögu Skaftárhrepps.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að skapa umgjörð utan um Kirkjubæjarstofu, stjórnýslu Skaftárhrepps, Gestastofu vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, Háskóla- og fræðasetur, Upplýsinga- og ferðaþjónustusetur og Erró setur. Þannig verður aukin fjölbreytni atvinnulífs sem byggir m.a. á sérþekkingu um náttúru og sögu Skaftárhrepps.

3. Breyting á aðalskipulagi

Í Skaftárhreppi er aðalatvinnuvegur landbúnaður en ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein. Þungamiðja ferðamenskunnar er í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps er reitur S-9 óbyggt svæði fyrir þjónustustofnanir, samtals um 0,9 ha. Breyta þarf afmörkun hans í samræmi við hönnun húss og uppfyllingar sem þarf að gera á svæðinu vegna flóða hættu í Skaftá.

Gerð er breyting á þéttbýlishluta aðalskipulags Skaftárhrepps 2010 – 2022. Í fyrsta lagi er gerð breyting á kafla 3.2 svæði fyrir þjónustustofnanir, þar sem reitur S-9 stækkar úr 0,9 ha í 1,8 ha, nýtingarhlutfall hellst óbreytt að meðaltali um 0,2-0,6. Í töflu 1. má sjá þau svæði sem skilgreind eru sem þjónustustofnanir í núverandi aðalskipulagi en tafla 2 sýnir þjónustustofnanir eftir breytingu á aðalskipulagi:

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
S-1	Grunnskóli, sundlaug og íþróttahús	3,0
S-2	Félagsheimili	0,5
S-3	Kapella	0,15
S-4	Heilsugæslustöð	0,3
S-5	Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra (og 8 íbúðir)	1,8
S-6	Skrifstofa Skaftárhrepps	0,5
S-7	Leikskóli	0,4
S-8	Rarik og sameiginlegt hús fyrir ríkisstofnarnir o.fl.	0,5
S-9	Nýtt svæði fyrir þjónustustofnun	0,9
S-10	Dæluhús fyrir kalt vatn	0,8
	Samtals	8,85 ha

Tafla 1 Þjónustustofnanir á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
S-1	Grunnskóli, sundlaug og íþróttahús	3,0
S-2	Félagsheimili	0,8
S-3	Kapella	0,15
S-4	Heilsugæslustöð	0,3
S-5	Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra (og 8 íbúðir)	1,8
S-6	Skrifstofa Skaftárhrepps	0,5
S-7	Leikskóli	0,4
S-8	Rarik og sameiginlegt hús fyrir ríkisstofnarnir o.fl.	0,5
S-9	Svæði fyrir þekkingarsetur	1,8
S-10	Dæluhús fyrir kalt vatn	0,8
	Samtals	10,05 ha

Tafla 2. Þjónustustofnanir á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Í öðru lagi er gerð breyting á kafla 3.3 Verslunar- og þjónustusvæði þar sem reitur V4 sem ætlaður var fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs er felldur niður og svæðið verður að opið svæði til sérstakra nota. Í töflu 3 eru þau svæði sem voru skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi en tafla 4 eru verslunar- og þjónustusvæði eftir breytingu.

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
V-1	Kirkjubæjarstofa var stofnuð sem rannsóknar- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Markmið starfseminnar er að efla og styðja rannsóknir og lifandi fræðslu um náttúrufar, sögu og menningu héraðsins. Lögð verður áhersla á starfsemin sé í fullu samræmi bæði við áherslur í stefnumörkun sveitarfélagsins og kröfur og aðstæður í nútíma upplýsingar- og þekkingarþjóðfélagi.	0,1
V-2	Hótel Klaustur	1,3
V-3	Verslun, banki og veitingastaður	0,3
V-4	Gert er ráð fyrir gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem stutt er í aðra þjónustu, s.s. verslun, banka o.fl. Staðsetning í nálægð við þá	0,5

	þjónustu, sem þegar er rekin, getur bæði eftir þau fyrirtæki sem þar starfa og gefur kynningarstarfsemi þjóðgarðsins meira vægi. Áform eru uppi um stækkun þjóðgarðsins innan Skaftárhrepps og því er mikilvægt að koma sem fyrst upp öflugri þjónustustarfsemi á vegum garðsins á Kirkjubæjarklaustri.	
V-5	Skaftárskáli þar sem er veitinga- og bensínsala.	6,7
V-6	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði austan brúar	0,3
V-7	þjónustusvæði við flugbraut á Stjórnarsandi .	0,5
V-8	Klausturhlað þar sem gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn.	0,6
	samtals	10,3

Tafla 3. Verslunar- og þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Nr.	Lýsing	Stærð í ha
V-1	Kirkjubæjarstofa var stofnuð sem rannsókn- og menningarsetur á Kirkjubæjarklaustri. Markmið starfseminnar er að efla og styðja rannsóknir og lifandi fræðslu um náttúruferir, sögu og menningu héraðsins. Lögð verður áhersla á starfsemin sé í fullu samræmi bæði við áherslur í stefnumörkun sveitarfélagsins og kröfur og aðstæður í nútíma upplýsingar- og þekkingarþjóðfélagi.	0,1
V-2	Hótel Klaustur	1,3
V-3	Verslun, banki og veitingastaður	0,3
V-5	Skaftárskáli þar sem er veitinga- og bensínsala.	6,7
V-6	Nýtt verslunar- og þjónustusvæði austan brúar	0,3
V-7	þjónustusvæði við flugbraut á Stjórnarsandi .	0,5
V-8	Klausturhlað þar sem gert er ráð fyrir þjónustu við ferðamenn.	0,6
	samtals	9,8

Tafla 4. Verslunar- þjónustusvæði á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Í þriðja lagi er gerð breyting á kafla 3.8 opin svæði til sérstakra nota þar sem afmörkun svæðis Ú2 breytist og minnkar úr 4,4 ha í 3,0 ha og færast austur fyrir reit S9. Svæðið er ætlað fyrir leik- og boltavelli og skruðgarð o.fl. Ekki hefur ennþá verið framkvæmt á svæðinu og er núverandi notkun þess mjög takmörkuð. Tafla 5 sýnir svæðin í staðfestu aðalskipulagi en tafla 6 eftir breytingu.

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð í ha
Ú1	Skógræktarsvæði ofan byggðar	6,6
Ú2	Leik- og boltavellir, skruðgarður o.fl. austan við Hótelið	4,4
Ú3	Kirkjugarðurinn	0,26
Ú4	Tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði við Kirkjubæ II	2,7
Ú5	Tjaldsvæði við Kleifar	1,0
Ú6	Íþróttasvæði við Kleifar	3,9
Ú7	Skógræktarsvæði sitt hvoru megin hringveggar á Stjórnarsandi	0,9
Ú8	Hesthýsasvæði á Stjórnarsandi	6,5
Ú9	Útivistarsvæði við Mjóavatn	5,2

Ú10	Tjaldsvæði í landi Nýjabæjar	2,2
 samtals		33,66 ha

Tafla 5. Opin svæði til sérstakra nota á Kirkjubæjarklaustri skv. gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Nr.	Lýsing svæðis	Stærð í ha
Ú1	Skógræktarsvæði ofan byggðar	6,6
Ú2	Leik- og boltavellir, sknúðgarður o.fl. austan við Hótelið	3,0
Ú3	Kirkjugarðurinn	0,26
Ú4	Tjald-, hjólhýsa- og smáhýsasvæði við Kirkjubæ II	2,7
Ú5	Tjaldsvæði við Kleifar	1,0
Ú6	Íþróttasvæði við Kleifar	3,9
Ú7	Skógræktarsvæði sitt hvoru megin hringveggar á Stjórnarsandi	0,9
Ú8	Hesthúsasvæði á Stjórnarsandi	6,5
Ú9	Útivistarsvæði við Mjóavatn	5,2
Ú10	Tjaldsvæði í landi Nýjabæjar	2,2
 samtals		32,26 ha

Tafla 6. Opin svæði til sérstakra nota á Kirkjubæjarklaustri eftir breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022.

Í fjórða lagi er gerð breyting á kafla 3.11 Efnistökusvæði þar sem bætt er við nýju efnistökusvæði E-2 sem er í Skaftá. Efnið sem umræðir er árframburður en áætlað efnismagn er um 30.000 m³.

4. Tengsl við aðrar áætlanir

Eins og áður segir er breytingarsvæðið innan Skaftárhrepps og í gildi er Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2020 sem staðfest var 21. nóvember 2011.

Sveitarfélagið vill leggja áherslu á rannsóknir og fræðslu um náttúröfl sem snerta landeyðingu og landmótun meðal annars með Vatnajökulspjóðgarði, náttúrustofu suðausturlands og háskólasetri Háskóla Íslands. Grunnur að því verkefni er að koma upp fullnægjandi húsnæði fyrir þekkingarsetur og þannig skapa aukin og fjölbreytt atvinnutækifæri í sveitarfélaginu.

Tillagan er í samræmi við Verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs þar sem segir að gert er ráð fyrir að gestastofa verði inn í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri þar sem útsýni er gott að Lómagnúpi og Vatnajökli.

5. Staðhættir og umhverfisaðstæður

Svæðið sem breytingin gerir ráð fyrir að verði fyrir þekkingarsetrið er á uppgrónum aurum Skaftár þar sem er lággróður og víðir og á gömlu túni. Svæðið liggur við Skaftá en í henni eru regluleg jökulhlaup.


Flóðagreining var unnin af VERKÍS fyrir svæðið, sjá mynd 4. Hafa ber í huga að staðsetning þekkingarseturs á myndinni er samkvæmt eldri tillögu á mikilli landfyllingu. Hinsvegar má sjá hvernig reiknað er með að flóð úr Skaftá fari, ljósblár er 10 ára flóð, blá er 100 ára flóð og dökkblár er 1000 ára flóð. Á myndinni má sjá að syðsta svæðið milli félagsheimilis og hótels er á flóðasvæði og því verða byggðar varnir til að verja svæðið en svæðið er að mestum hluta fyrir ofan hættusvæði flóða.



Mynd 1. Áhættumat vegna flóða tillögur að vörnum með eldri staðsetning á Þekkingarsetri (VERKÍS 2012).


Hugmyndir eru um staðsetning varnargarðs við hólma Skaftár. Reiknað er með að garðurinn verði um 550 m langur og 3 – 4 m hár. Slíkur garður yrði um 25 000 m³, byggður upp úr efni úr Skaftáráurum og græddur upp með grasi líkt og árbakkar ofar. Garðurinn yrði lekur og vatnsrás norðan hans. Eðlilegt er að miða við að hægt sé að hækka varnargarðinn síðar. Þá mætti hugsa sér að lengja garðinn niður að brú og verja þar með stærri hluta byggðar.

Íbúum í Skaftárhreppi hefur fækkað nokkuð stöðugt síðan 1980 en þá bjuggu 693 í sveitarfélaginu, síðan um aldamót hefur þeim fækkað um 123. Ef horft er til íbúaþróunar síðastliðinna 10 ára þá hefur sú þróun haldið áfram og íbúum fækkað nema á milli áronna 2007 -2008. Alls hefur íbúum fækkað um 49 í sveitarfélaginu frá árinu 2004 sem er um 15% fækkun. Þann 1. janúar 2004 bjuggu 522 manns í sveitarfélaginu en 443 1. janúar 2013 (Hagstofa Íslands) sjá mynd 6. Samkvæmt Hagstofu Íslands, hefur íbúum á Íslandi fjölgað um ca.0,7 % á ári.



Mynd 2. Íbúaþróun í Skaftárhreppi 2000-2009

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands þá starfa flestir í sveitafélaginu í landbúnaði en ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugreina (mynd 6). Þungamiðja ferðamenskunnar er í og við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri. Ætla má að þekkingarsetrið hafi jákvæð áhrif á atvinnu í Skaftárhreppi og auka fjölbreytni með störfum sem snúa að rannsóknum og fræðslu til ferðamanna.



Mynd 3. Atvinnuskipting í Skaftárhreppi 2000 og 2005.

6. Áhrif á umhverfi

Gerð er grein fyrir áhrifum breytingarinnar á umhverfis skv. ákvæðum 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Framsetning verður í formi texta og/eða venslataflna. Stuðst verður við fyrirbyggjandi upplýsingar um framkvæmdina þ.e. Flóðagreining Skaftár við Kirkjubæjarklaustur og Hættumat vegna ofanflóða.

6.1 Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum

Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru á framkvæmdatíma við byggingu þekkingarseturs og áhrif á samfélag við uppbygginguna og eftir að starfsemi hefst í húsinu.

Eitthvert rask verður á framkvæmdasvæðinu á byggingartíma þekkingarsetursins

6.2 Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum

Þeir umhverfisþættir sem helst verða fyrir áhrifum eru hagrænir og félagslegir þættir, áhrif á heilsu og öryggi þar sem staðsetning reitsins er valinn með tilliti til náttúruvár og áhrif nýrra bygginga á vistkerfið og menningarminjar á framkvæmdartíma. Út frá því var valið að fjalla um eftirfarandi umhverfisþætti:

- Efnahagur og atvinnulíf
- Íbúapróun
- Náttúruvá
- Gróður
- Menningarminjar

6.3 Skilgreining, lýsing og mat

Áhrif á efnahag og atvinnulíf

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrif á efnahag og atvinnulíf eru:

- Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022, stefna sveitarfélags um atvinnumál.

Í Skaftárhreppi starfa langflestir við landbúnað og er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að fá ný og fjölbreytt störf inn í sveitarfélagið. Með stofnun þekkingarseturs skapast ný störf við rannsóknir og þjónustu sem krefjast fjölbreyttrar menntunar.

Áhrif á íbúapróun

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrif á umhverfi á búapróun eru:

- Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022, stefna sveitarfélags um atvinnumál.
- Hagtölur yfir mannfjölda (Hagstofa Íslands).

Íbúum Skaftárhrepps hefur fækkað á undanförunum árum en ferðamannastraumur um héraðið er mikill og viðheldur að hluta til ágætu þjónustustigi í flestum greinum. Ný atvinnutækifæri sem krefjast fjölbreyttrar menntunar eiga eftir hafa jákvæð áhrif á íbúapróun.

Náttúruvá

- Hættumat vegna ofanflóða (Veðurstofa Íslands).

- Flóðagreining Skaftá við Kirkjubæjarklaustur, byggingarreitur þekkingarseturs (VERKIS).

Reiturinn er staðsettur á aur sunnan við Félagsheimilið Kirkjuhvol. Greining VERKIS bendir til þess að flóðvatn nái ekki inn á fyrirhugaðan byggingarreit þekkingarseturs. Staðsetning reitsins er valin með tilliti til flóða greiningar Skaftár og hættumats vegna ofanflóða. Líkur á hamfaraatburðum á svæðinu s.s. stórgosum á borð við Skaftárelda hafa ekki verið metnar.

Áhrif á gróður

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrif á gróður eru:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur.
- Listi yfir friðlýstar plöntur.
- Sjaldgæfar plöntur og sérstæði plantna á landsvísu.
- 37 gr. laga um náttúruvernd.
Skv. greininni njóta m.a. mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020.
“Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða. Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur vistkerfi Íslands.”

Áhrif á gróður og dýr vegna byggingar þekkingarseturs er takmarkað. Svæðið sem um ræðir er gamalt tún og uppgrónir aurar Skaftár. Þetta svæði nýtur ekki verndar.

Menningarminjar

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrif á menningarminjar eru:

- Skráðar friðlýstar fornleifar skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast skv. 3. gr. laga um menningarminjar hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Engar menningarminjar er að finna á svæðinu þar sem fyrirhuguð er staðsetning þekkingarseturs.

6.4 Umfjöllun um kosti

Í þessari umfjöllun hefur verið fjallað um einn valkost, þ.e. breytt afmörkun á reits S-9, Ú-2 og V-4 þar sem reitur fyrir þekkingarsetur er færður til og stækkaður með tilliti til náttúruvár og þeirrar starfsemi sem á að hýsa í húsinu.

Annar valkostur er núllkostur, þ.e. ekki kemur til breytingar á skipulagsáætlun. Gera má ráð fyrir að engin breyting muni ekki hafa eins mikil jákvæð áhrif á íbúapróun, efnahag og atvinnulíf þar sem þar er gert ráð fyrir minni uppbyggingu.

6.5 Niðurstaða

Í töflu hér á eftir er samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti. Helstu þættir breytingartillögunnar sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum eru þættir á framkvæmdatíma við byggingu þekkingarseturs og áhrif á samfélag við uppbygginguna og eftir að starfsemi hefst í húsinu.

Í töflunni kemur fram að aðalskipulagsbreytingin mun hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf og íbúapróun með nýjum og fjölbreyttum atvinnutækifærum. Hún hefur óveruleg

áhrif á gróður, menningarminjar og náttúrvá. Þar sem ekki er um veruleg umhverfisáhrif að ræða er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfispáttanna umfram venjubundið eftirlit á framkvæmda- og rekstrartíma.

Umhverfispáttur	Vægi áhrifa
Efnahagur og atvinnulíf	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Íbúabróun	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Náttúruvá	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Gróður	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Menningarminjar	Óveruleg áhrif á umhverfispátt

Tafla 7 Áhrif á umhverfisþætti.

6.6 Samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni.

Skipulagslýsing var samþykkt af hreppsnefnd 9. apríl 2013. Skipulagslýsing var auglýst á heimasíðu Skaftárhrepps og með dreifibréfi í hvert hús í Vestur-Skaftafellssýslu. Skipulagslýsingin var send Skipulagsstofnun til umsagnar.

7. Heimildaskrá

Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022.

Hagstofa Íslands. Atvinnuskipting í Skaftárhreppi.

Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Skipulagslög nr.123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Veðurstofa Íslands (Desember 2009). Hættumat vegna ofanflóða fyrir Kirkjubæjarklaustur.

VERKIS (Júní 2012). Flóðagreining Skaftá við Kirkjubæjarklaustur, byggingarreitir þekkingarseturs. Verkefnisstjórn þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri.